

Bergrisinn bs.

Ársreikningur 2016

Bergrisinn bs.
Kennitala 570915-0290
Austurvegi 2, 800 Selfoss

| Efnisyfirlit | bls. |
|----------------------------------|-------|
| Skýrsla stjórnar | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 - 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 |

*Bergrisinn bs.
Kennitala 570915-0290
Austurvegi 2, 800 Selfoss*

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að halda utan um samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi um rekstur og málefni fatlaðs fólks.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.


Framtíðaráform

EKKI er gert ráð fyrir breytingum á rekstri félagsins.

Stjórn Bergrisans bs. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Selfoss, 2. október 2017

Stjórn:



Þórir Þórsson
Mín Ínaugn
Allai flæðir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bergrisans bs.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bergrisans bs. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð byggðasamlaginu samkvæmt ákvæðum siðareglina sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglina.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum byggðasamlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning byggðasamlagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætti að leysa byggðasamlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi byggðasamlagsins. Stjórnendum byggðasamlagins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulegra annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákváðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhættu af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.


Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rékstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemnum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að byggðasamlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glöggja mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfoss, 2. október 2017

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýringar | 2016 | 2015 |
|--|----------------------|----------------------|-----------|
| Rekstrartekjur | 4 | | |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 1.054.417.304 | 946.296.011 | |
| Framlög aðildarsveitarfélaga | 165.080.000 | 330.547.908 | |
| Aðrar tekjur | <u>2.250.000</u> | <u>500.000</u> | |
| | <u>1.221.747.304</u> | <u>1.277.343.919</u> | |
| Rekstrargjöld | | | |
| Rekstrarframlög | 1.193.786.735 | 1.251.039.681 | |
| Stuðningsfjölskyldur | 6.540.576 | 6.933.290 | |
| Samningur við Árborg, umsýslukostnaður | 22.254.374 | 19.628.377 | |
| Annar rekstrarkostnaður | <u>528.703</u> | <u>0</u> | |
| | <u>1.223.110.388</u> | <u>1.277.601.348</u> | |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | (1.363.084) | (257.429) |
| Fjármagnsliðir | 5 | | |
| Vaxtatekjur | 1.703.854 | 321.786 | |
| Fjármagnstekjuskattur | (340.770) | (64.357) | |
| | <u>1.363.084</u> | <u>257.429</u> | |
| Afkoma ársins | | <u>0</u> | <u>0</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir | Skýringar | 2016 | 2015 |
|--|------------------|--------------------|--------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Krafa á Jöfnunarsjóð | 7 | 150.897.806 | 82.374.546 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7 | 28.567.298 | 0 |
| Handbært fé | 8 | 71.190.429 | 76.902.369 |
| | | <u>250.655.533</u> | <u>159.276.915</u> |
| Eignir samtals | | <u>250.655.533</u> | <u>159.276.915</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 9 | 0 | 0 |
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | 10 | 250.655.533 | 159.276.915 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>250.655.533</u> | <u>159.276.915</u> |

Sjóðstreymi ársins 2016

| | Skýringar | 2016 | 2015 |
|---|--------------|--------------|------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 9 | 0 | 0 |
| Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | (97.090.558) | (82.374.546) | |
| Skammtímaskuldir | 91.378.618 | 159.276.915 | |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | (5.711.940) | 76.902.369 | |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | | |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Hækjun (lækkun) á handbæru fé | | (5.711.940) | 76.902.369 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 76.902.369 | 0 | |
| Handbært fé í árslok | 8 | <hr/> | <hr/> |
| | | 71.190.429 | 76.902.369 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Bergrisinn bs er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarrekningi samanstanda af framlögum Jöfnunarsjóðs, aðildarsveitarfélaga og styrkjum.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar við móttöku greiðslu. Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og annarra krafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð við greiðslu.

6. Tekjuskattur

Starfsemi félagsins fellur undir 4. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 og er ekki tekjuskattsskylt.

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

8. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

9. Eigið fé

Yfirlit um breytingu eiginfjárreikninga:

Óráðstafað
eigið fé

| | |
|--------------------------------|---|
| Staða 1/1..... | 0 |
| Rekstrarniðurstaða ársins..... | 0 |
| Staða 31/12..... | 0 |

10. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.